30		Í peningum		Hundrað á		Alin.
	F. Skinnavara.	Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
10 marz 31.	1 hndr. 4 fjórðungar nautskinns . . . 10 pund á	12	56	50	24	42
32.	— 6 — — kýrskinns . . . . — — -	10	72	64	32	54
33.	— 6 — — hrossskinns . . . — — -	9	60	57	60	48
34.	— 8 — — sauðskinns, af tvævetrum og eldri . — —	8	69	69	52	58
35.	— 12 — — sauðskinns, af veturgömlum og ám . — — -	7	15	85	80	71
36.	— 6 — — selskinns . . . . — — -	11	10	66	60	56
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . hvert á	»	29	69	60	58
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr. 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á	8	63	51	78	43
39.	— 40 — — — — óhreinsuðum — -	»	»	»	»	»
40.	— 120 — — fuglafiðri . . . . . 10 pund -	7	35	88	20	73
41.	— 480 — — fjallagrösum . . . . — — -	»	»	»	»	»
42.	5 álnir 1 dagsverk um heyannir . . . . . -	2	36	»	»	47
43.	— 1 lambsfóður . . . . . -	4	81	»	»	96
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eptir A. eða í fríðu			96	29	80
	— *B. — í ullu, smjöri og tólg*			63	»	53
	— *C. — í ullartóvöru*			83	76	70
	— *D. — í fiski*			66	91	56
	— *E. — í lýsi*			24	04	20
	— *F. — í skinna-vöru*			66	24	55
	En meðalverð allra landaura samantalið			400	24	334
	og skipt með 6 sýnir:					
	meðalverð allra meðalverða .			**66**	**71**	**56**

Reykjavík, 10. marzmán. 1896.

J. Havsteen. *Hallgr. Sveinsson.*

Auglýsing

31 4 marz

um breytingu á leiðarvísi fyrir póstafgreiðslumenn 1. febr. 1892 og leiðarvísi fyrir brjefhirðingamenn, dags. s. d.

Samkvæmt tillögum póstmeistara, er hjermeð ákveðið, að 9. gr. í leiðarvísum fyrir póstafgreiðslumenn og brjefhirðingamenn, dags. 1. febr. 1892, skuli úr gildi numin, en í þess stað komi svohljóðandi grein, er verði 9. grein í báðum hinum nefndu leiðarvísum:

»Eigi má senda í pósttöskum til brjefhirðingarstaða eða frá þeim peningasendingar, sem eru þyngri en 4 pund. Skulu þær sendingar fyrst vera vandlega innsiglaðar og um þær búið samkvæmt auglýsingu um póstmál 3. maí 1872, 13. gr. Síðan skal láta þær, ásamt tilheyrandi tilvísunarbrjefum og póstskránni, í póstpoka, er á að vera innsiglaður, með innsigli póstafgreiðslunnar, þegar afgreiðslan fer fram á póstafgreiðslustað, en með innsigli hlutaðeigandi brjefhirðingamanns, þegar sendingin er afgreidd frá brjefhirðingastað. Þess ber vandlega að gæta, að aðrir nái ekki að nota þau signet, sem þannig eru notuð í þjónustu póststjórnarinnar«.

Samkvæmt þessu ber öllum póstafgreiðslumönnum og brjefhirðingamönnum að hegða sjer.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. marz 1896.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.